

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 24. apríl 2026.

Mál nr. E-3737/2025:

Ásvellir ehf.,

Falur fasteignir ehf. og

GE Capital ehf.

(Garðar Viðir Gunnarsson lögmaður)

gegn

Deloitte ehf.,

Einari Hafliða Einarssyni og

VÍS tryggingum hf.

(Ólafur Lúther Einarsson lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 31. mars 2026, var höfðað 25. júní 2025 af Ásvöllum ehf., Austurströnd 4, Seltjarnarnesi, Fali fasteignum ehf., Sólbraut 4, Seltjarnarnesi, og GE Capital ehf., Lambaseli 4, Reykjavík, gegn Deloitte ehf., Dalvegi 30, Kópavogi, Einari Hafliða Einarssyni, [...], Reykjavík, og VÍS tryggingum hf., Ármúla 3, Reykjavík.
- Stefnandi, Ásvellir ehf., krefst þess að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða félaginu 31.479.612 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 30. desember 2022 til 9. janúar 2025, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.
- Stefnandi, Falur fasteignir ehf., krefst þess að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða félaginu 41.864.595 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 30. desember 2022 til 9. janúar 2025, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.
- Stefnandi, GE Capital ehf., krefst þess að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða félaginu 42.903.061 krónu með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um

vexti og verðtryggingu, frá 30. desember 2022 til 9. janúar 2025, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

5. Stefnendur krefjast hver um sig málskostnaðar að skaðlausu óskipt úr hendi stefndu.
6. Stefndu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnenda en til vara að kröfur stefnenda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Helstu málsatvik

7. Stefnendur voru sameigendur hlutafjár einkahlutafélagsins Stólpa og átti hver þeirra um sig þriðjungshlut er atvik þau gerðust 2016 sem eru til umfjöllunar í máli þessu. Félagið var fasteignafélag og hafði þann megingilgang samkvæmt máltilbúnaði stefnenda að þróa, byggja og leigja út fasteignir. Stefndi, Einar Hafliði Einarsson, löggiltur endurskoðandi, ritaði fyrir hönd stefnda Deloitte ehf. undir svonefnd ráðningarbréf 30. mars 2012 um aðstoð við gerð ársreikninga Stólpa ehf. Fyrir liggur jafnframt upplýst að Einar Hafliði veitti forsvarsmönnum einkahlutafélagsins margvíslega þjónustu og ráðgjöf í tengslum við rekstur ýmissa einkahlutafélaga sem þeir stóðu að rekstri á sem áttu hlut að sambærilegum verkefnum og nefnt einkahlutafélag. Einkum átti þar í hlut forsvarsaður stefnandans, Fals fasteigna ehf., Gísli Steinar Gíslason, sem bar um að hafa hagnýtt þjónustu stefnda, Einars Hafliða, um þriggja áratuga skeið.
8. Fyrir liggur að á fyrri hluta árs 2016 var umfangsmikið verkefni komið á lokastig sem rekið var á vegum sérstaks einkahlutafélags, Reykjavík Development ehf., í eigu Stólpa ehf. og annars aðila. Sameigandi þessi gerði félaginu tilboð um að kaupa hlutafé þess í nefndu félagi sem fallist hafði verið á af hálfu stefnenda sem eigenda hlutafjár í Stólpum ehf. Söluverð hlutafjárins hafði verið að stærstum hluta greitt til félagsins með reiðufé en eftirstöðvarnar skyldu greiddar í samræmi skuldabréf sem gefið var út samhliða greiðslu reiðufjárins.
9. Samkvæmt framburði forsvarsmanns stefnandans GE Capital ehf., Guðna Rafns Eiríkssonar, fyrir dómi var þeirri fyrirspurn beint til stefnda, Einars Hafliða, hvort hafa mætti þann hátt á að Stólpar ehf. keyptu sem næmi 10% af hlutafé í sjálfu sér og greiða fyrir það með þeim fjármunum sem til reiðu væru í félaginu. Forsvarsaðurinn bar um að honum hefði verið það ljóst að ekki væri hægt að greiða fjármunina út sem arð fyrr en að árinu loknu og þá í kjölfar ársuppgjörs. Því hefði hann fýst að vita hvort unnt væri að hafa þann háttinn á að félagið keypti sem næmi 10% af eigin hlutafé og greiddi fyrir með

fjármunum þessum sem félaginu hefðu áskotnast, að því tilskildu að það myndi ekki leiða til aukinnar skattskyldu en ella hefði orðið vegna ráðstöfunar fjármunanna til hluthafa í Stólpum ehf. Fram kom af hans hálfu að það hefði verið forsenda af hálfu hluthafanna að ekki myndi stofnast til meiri skattbyrði en ella. Ef svo hefði verið hefðu þeir frekar beðið fram yfir áramót með útgreiðslu fjárins, þeim hefði ekki legið neitt sérstaklega á. Engar skuldir eða ábyrgðir hefðu verið tengdar þessu hlutafé.

10. Stefndi Einar Hafliði, sem einnig gaf skýrslu fyrir dómi, bar um að hann ræki ekki minni til þess að hafa verið inntur eftir ráðgjöf um skattalega meðferð slíkra greiðslna. Hann staðfesti á hinn bóginn að hafa útbúið skjöl og sent til fyrirsvarsmannsins 29. júní 2016. Skjöl þessi voru drög að fundargerð hluthafafundar, drög að hluthafasamkomulagi, drög að framsali eignarhluta og skjal úr töflureikni þar sem búið var að stilla upp útreikningsaðferðum er lutu að því hvernig fjármunir myndu ráðstafa innbyrðis milli hluthafa. Fyrir liggur að hluthafarnir þrjú áttu ekki jafna eign í Stólpum ehf. Þótt hlutafé skiptist jafnt þannig að nauðsynlegt var að fyrir lægi hvernig skipting fjármunanna yrði þeirra á milli. Í skjalinu var sérstakur reitur til að skrá söluverð hlutafjárins sem stefndi Einar Hafliði benti viðtakanda á að hægt væri að breyta að þeirra vild og þá sæist vegna innbyggðra reikningsforsendna í útreikningsskjalinu hvernig þær fjárhæðir sem í hlut hvers kæmu myndu breytast. Í þeim gögnum sem stefndi Einar Hafliði sendi var hvergi minnst á skattamálefni.
11. Að beiðni forsvarsmanna einkahlutafélagsins útbjó stefndi Einar Hafliði árshlutareikning vegna fimm fyrstu mánaða ársins 2016. Þar kom fram að óráðstafað eigið fé eftir fimm fyrstu mánuði næmi 667.603.708 krónum en hafði numið 84.840.798 krónum í árslok 2015.
12. Forsvarsmenn stefnenda héldu hluthafafund í einkahlutafélaginu Stólpum 29. júní 2016. Þeir rituðu undir fundargerð fyrir hönd hluthafanna auk þess sem einnig var bókað að Gísli Steinar Gíslason væri mættur sem stjórnarformaður Stólpa ehf. Þar voru lögð fram skjöl sem grundvölluðust á framangreindum drögum sem stefndi Einar Hafliði hafði sent auk ársreiknings ársins 2015 og árshlutareiknings vegna fimm fyrstu mánaða ársins 2016. Bókað var að verkefnum félagsins væri nær lokið og fjárhagsstaðan orðin langt umfram þarfir félagsins. Því væri lagt til að félagið keypti eigin hluti af hluthöfum að nafnverði 116.155 krónur sem næmi 10% af nafnverði hlutafjár félagsins á meðalgenginu 6.000 krónur, samtals 696.927.600 krónur. Ljóst er að við framsetningu svonefnds meðalgengis hafa fundarmenn námundað verðið á hlut að 6.000 krónum.

13. Samhliða var gert samkomulag hluthafanna þar sem gerð var meðal annars grein fyrir þeim verkefnum sem félagið hefði sinnt og rakið hvaða álitæfni væru óútkljáð þannig að halda þyrfti fé hjá félaginu til að greiða úr eftir atvikum. Fjallað var um framangreinda tillögu um kaup félagsins á hlutafé og að þau kaup myndu endurspegla innbyrðis uppgjör á milli hluthafanna þannig að öll eldri mál yrðu þar með afgreidd. Gert yrði útreikningsskjal þar sem öll uppgjöratriði milli hluthafanna kæmu fram sem yrði staðfest með undirritun fyrir hönd hluthafanna. Tekið var fram að samkvæmt árshlutareikningnum næmi handbært fé 535.000.000 króna auk eignar skammtímaskuldabréfa að fjárhæð um 180.000.000 króna. Loks var tilgreint að eigið fé næmi 721.800.000 krónum og gera yrði ráð fyrir að halda eftir nægu fé þannig að ekki yrði greitt meira fyrir keypta hluti en sem næmi 97% af eigin fé. Eftirstöðvar yrðu skoðaðar og gerðar upp á haustmánuðum. Ekki liggja fyrir gögn um slíkt uppgjör.
14. Í kjölfarið var undirritað skjal sem bar fyrirsögnina *framsal eignarhluta*, einnig dagsett 29. júní 2016, þar sem hluthafarnir framseldu 10% af hlutafé félagsins fyrir kaupverð sem nam 696.927.600 krónum.
15. Hverjum hluthafa fyrir sig barst bréf frá Skattinum 23. ágúst 2022 sem fól í sér fyrirspurnir settar fram á grundvelli 1. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt er lutu að framangreindum gerningum. Kynnt var að embættið hefði til skoðunar réttmæti kaupa Stólpa ehf. á eigin hlutabréfum samkvæmt framansögðu. Til skoðunar væri hvort ákvörðun kaupverðs hefði verið í samræmi við ákvæði einkahlutafélagalaga nr. 138/1994 og verðlagningin í samræmi við eiginfjárstöðu félagsins. Þá var fyrirspurnin nánar afmörkuð við að samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2015 hefði óráðstafað eigið fé félagsins verið 84.840.798 krónur og því hefðu kaup félagsins á eigin hlutum takmarkast við þá fjárhæð og að arðgreiðslur félagsins á árinu 2016 hefði einnig takmarkast við þessa fjárhæð. Fram kom í bréfunum að ekki yrði betur séð en að óheimil kaup félagsins á eigin hlutum hefðu numið 606.812.781 krónu, 696.927.600 – 84.840.798 auk þess sem draga bæri frá 5.274.021 krónu. Tekið var fram að áður en frekari afstaða yrði tekin af hálfu embættisins til réttmæti framtalsskila væri hverjum stefnanda gefinn kostur á að koma á framfæri skýringum, studdum viðeigandi gögnum, þar með töldum samningum sem kynnu að hafa verið búnir til vegna viðskiptanna, meðal annars varðandi þau sjónarmið sem sett voru fram af hálfu ríkisskattstjóra í bréfinu.
16. Í kjölfar þessa munu stefnendur fyrir tilstilli stefnda Einars Hafliða hafa notið fulltingis Deloitte Legal ehf. sem mun vera lögfræðisvið stefnda. Fyrirspurn ríkisskattstjóra var

svarað 27. september 2022 og sjónarmið stefnenda reifuð um að ekki hafi verið um tekjuskattsskyldar greiðslur að ræða.

17. Í kjölfar þeirra samskipta boðaði ríkisskattstjóri, 13. október 2022, að opinber gjöld stefnenda yrðu endurákvörðuð. Deloitte Legal ehf. brást við með ítarlegum andmælum fyrir hönd stefnenda 18. nóvember 2022. Með úrskurðum 20. desember 2022 endurákvörðuði ríkisskattstjóri opinber gjöld stefnenda á þeim grunni að viðskiptin 29. júní 2016 hefðu verið ólögmat.
18. Niðurstaða ríkisskattstjóra byggði á því að ólögmat hefði verið að miða kaupverð eigin hluta Stólpa ehf. við stöðu bókfærðs eigin fjár samkvæmt árshlutareikningi 31. maí 2016. Miða hefði þurft við óráðstafað eigið fé samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi sem var fyrir árið 2015, sem nam 84.840.798 krónum. Þar sem það var ekki gert var lagt til grundvallar að kaupin brytu gegn 1. mgr. 38. gr. laga um einkahlutafélög og að með hlutafjárkaupunum hefðu stefnendur í reynd fengið óheimila úthlutun fjármuna úr Stólpum ehf. Því bæri að skattleggja greiðslur einkahlutafélagsins sem arðgreiðslur til stefnenda.
19. Ríkisskattstjóri ákvað að einungis mætti líta á hluta kaupverðsins sem lögmætan arð í skilningi hlutafélagalaga, samtals að fjárhæð 84.956.953 krónur, sem samsvaraði óráðstöfuðu eigin fé Stólpa ehf. í árslok 2015 að viðbættu nafnverði hlutafjárins. Það fól í sér að hverjum stefnanda um sig var einungis heimilað að nýta um 28.318.984 krónur af frádrætti vegna söluhagnaðar. Annar frádráttur af þessum sökum var felldur niður. Af þessum sökum hækkuðu opinber gjöld hvers stefnanda verulega. Nánar tiltekið í samræmi við dómkröfur hvers og eins en af hálfu stefndu hefur ekki verið gerður tölulegur ágreiningur nema á forsendum varakrafna stefndu eins og vikið verður að í umfjöllun um málsástæður aðila.
20. Stefnda Deloitte ehf. var sent kröfubréf 6. desember 2024 þar sem bóta var krafist. Stefndi VÍS tryggingar ehf. svaraði því erindi 10. febrúar 2025 og hafnaði skaðabótaábyrgð stefndu.
21. Við aðalmeðferð málsins gáfu Gísli Steinar Gíslason, fyrirsvarsmaður Fals fasteigna ehf., og Guðni Rafn Eiríksson, fyrirsvarsmaður GE Capital ehf., aðilaskýrslur af hálfu þessara stefnenda. Stefndi Einar Hafliði Einarsson gaf jafnframt aðilaskýrslu.

Helstu málsástæður og lagarök stefnenda

22. Stefndur vísi um aðild bæði til sóknar og varnar til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála um samlagsaðild. Kröfur allra stefnenda á hendur stefndu sé að rekja

til sömu atvika, aðstæðna og löggæringa, þ.e. ráðgjafar Deloitte ehf. í tengslum við kaup Stólpa ehf. á eigin hlutum af stefnendum í júní 2016. Dómkröfurnar séu jafnframt studdar sömu röksemdum og sönnunargögnum. Því séu skilyrði ákvæðisins uppfyllt til þess að allir stefnendur höfði mál þetta í einu lagi gegn öllum stefndu.

23. Stefnendur byggja á því að stefndu beri in solidum bótaábyrgð gagnvart hverjum og einum þeirra vegna saknæmrar og ólögætrar háttsemi stefndu Deloitte ehf. og Einars Hafliða Einarssonar, starfsmanns stefnda Deloitte ehf. Háttsemin hafi falist í ófullnægjandi og rangri ráðgjöf til stefnenda í tengslum við kaup Stólpa ehf. á eigin hlutum félagsins af stefnendum á árinu 2016. Skaðabótaábyrgð stefnda Einars Hafliða sé byggð á 108. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, almennu sakarreglunni og almennum reglum skaðabótaréttar um skaðabótaábyrgð sérfræðinga í störfum þeirra. Skaðabótaábyrgð stefnda Deloitte ehf. sé jafnframt byggð á meginreglu skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð. Bótaábyrgð stefnda VÍS byggist á því að stefndi Deloitte ehf. hafi verið með lögboðna starfsábyrgðartryggingu endurskoðenda hjá félaginu.
24. Löggiltum endurskoðendum beri í störfum sínum að lúta þeim skyldum sem mælt sé fyrir um í lögum um endurskoðendur. Á þeim tíma sem fyrrnefnd ráðgjöf stefnda, Einars Hafliða, hafi verið veitt hafi lög nr. 79/2008 um endurskoðendur verið í gildi. Í 1. mgr. 8. gr. laganna sé mælt fyrir um skyldu endurskoðenda til að rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna og fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gildi um störf þeirra. Löggiltum endurskoðendum beri jafnframt að fara eftir lögum er lúti að reiknings- og skattskilum þeirra félaga sem þeir veiti ráðgjöf og þar sem þeir séu kjörnir endurskoðendur. Sé þessum skyldum ekki sinnt geti þeir borið bótaábyrgð á tjóni sem þeir valdi af ásetningi eða gáleysi, bæði samkvæmt 1. mgr. 27. gr. þágildandi laga um endurskoðendur nr. 79/2008 og 108. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Um skaðabótaábyrgð stefndu Deloitte ehf. og Einars Hafliða vísa stefnendur til þessara lagaákvæða, auk almennu sakarreglunnar og skaðabótaábyrgðar sérfræðinga. Þá sé byggt á reglum um vinnuveitandaábyrgð gagnvart stefnda Deloitte ehf.
25. Hin saknæma og ólögætra háttsemi stefnda Einars Hafliða hafi í meginatriðum verið tvenns konar. Annars vegar sú háttsemi að veita Stólpum ehf. og stefnendum þá ráðgjöf að úthluta hefði mátt fjármunum úr Stólpum ehf. með kaupum félagsins á eigin hlutum af stefnendum á grundvelli eiginfjárstöðu félagsins samkvæmt árshlutareikningi og að stefnendur mættu færa hagnað af sölu hlutabréfanna til frádráttar tekjum sínum á skattframtali, sbr. 1. mgr. 9.a töluliðar 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Hins vegar

sé hin saknæma háttsemi fólgin í því athafnaleysi að benda Stólþum ehf. og stefnendum ekki á að ólögmaett hafi verið að miða kaup á eigin hlutum við stöðu bókfærðs eigin fjár samkvæmt árshlutareikningi, samkvæmt fyrirbyggjandi dóma- og úrskurðaframkvæmd þegar kaupin hafi átt sér stað.

26. Þrátt fyrir að hin umdeilda ákvörðun um kaup Stólpa ehf. á eigin hlutum hafi verið framkvæmd samkvæmt ákvörðun hluthafafundar í félaginu hafi stefnendur notið sérfræðiaðstoðar og ráðgjafar stefnda Einars Hafliða við val á þeirri aðferð sem viðhafa skyldi við úthlutun fjármuna úr félaginu. Stefnendur hafi treyst á faglega sérfræðiráðgjöf stefnda Einars Hafliða og að ráðgjöf hans væri í samræmi við ákvæði laga sem og dóma- og úrskurðaframkvæmd. Stefnendur hafi því ekkert tilefni haft til að hreyfa athugasemdu við umræddri ráðstöfun sem lagt hafi verið til að Stólpar ehf. framkvæmdu. Stefnendur sé ekki sérfræðingar á sviði endurskoðunar, reikningsskila eða skattaréttar og hafi ekki notið ráðgjafar annarra sérfræðinga við kaupin. Ljóst sé að tillaga um kaup félagsins á eigin hlutum hefði aldrei verið tekin fyrir eða samþykkt á hluthafafundi félagsins nema vegna ráðlegginga stefnda Einars Hafliða. Sú ráðstöfun sem hafi verið teiknuð upp í skjölunum sem stefndi Einar Hafliði útbjó, að miða kaupin við fjárhæð sem nam stöðu eigin fjár Stólpa ehf. samkvæmt árshlutareikningi, hafi verið í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 38. gr. laga um einkahlutafélög að mati Skattsins.
27. Stefnda Einari Hafliða mátti vera það ljóst, sem sérfræðingi á þessu sviði, að ráðstöfunin væri ekki í samræmi við lög. Honum bar að upplýsa stefnendur um það. Ráðgjöf stefnda hafi verið sérstaklega ámælisverð í ljósi þess að Hæstiréttur Íslands hafði þegar á þessum tíma er ráðgjöfin var veitt tekið af allan vafa um að óheimilt væri að miða við stöðu frjálsra sjóða félags samkvæmt niðurstöðu milliuppjörs, svo sem árshlutareiknings, í tengslum við úthlutanir fjármuna til hluthafa, sbr. meðal annars dóma Hæstaréttar frá 5. nóvember 2015 í málum nr. 210/2015 og 211/2015. Yfirskattanefnd hafði jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að ætlaður hagnaður af rekstri félags á yfirstandandi rekstrarári gæti ekki orðið grundvöllur öflunar eigin hluta á sama ári, sbr. úrskurð yfirskattanefndar nr. 96/2015. Þar hafi meðal annars verið vísað til þess að frjálsir sjóðir samkvæmt 74. gr. laga um einkahlutafélög myndist af rekstrarhagnaði fyrri ára eða niðurfærslu hlutafjár. Álitafni sem leiddi af framangreindum úrlausnum hefðu enn fremur verið til umfjöllunar innan stefnda Deloitte ehf., eins og fram hafi komið í fréttabréfi Deloitte ehf. í desember 2015. Mátti því góðum og gegnum endurskoðanda vera fullljóst að ráðstöfunin væri í andstöðu við ákvæði laga um einkahlutafélög og kæmi því til með að hafa

skattaréttarlegar afleiðingar í för með sér í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt, svo sem takmörkun á heimildum stefnenda til að færa hagnað af sölu hlutabréfanna til frádráttar tekjum á skattframtölum sínum.

28. Stefnnda Einari Hafliða hafi því mátt vera fullljóst að milliuppgjör, sbr. fyrrnefndan árs-
hlutareikning, væri ekki lögmætur grundvöllur úthlutunar fjármuna til stefnenda, hvort
sem það væri gert í formi arðgreiðslna eða kaupa á eigin hlutum. Það kæmi ekki í stað
samþykks ársreiknings frá fyrra ári líkt og komi skýrt fram í ákvæðum 38. gr. og 74. gr.
laga um einkahlutafélög. Sem kjörinn endurskoðandi Stólpa ehf. og ráðgjafi stefnenda
hafi stefnda Einari Hafliða borið að leggja til leið við úthlutun fjármuna sem færi ekki í
bága við gildandi lög og gera stefnendum ljóst hverjar afleiðingarnar yrðu af þeim leiðum
sem ráðgerðar hafi verið. Þetta hafi stefndi vanrækt svo varði skaðabótaábyrgð.
29. Stefnendur bendi einnig á að í skjölunum sem stefndi Einar Hafliði hafi útbúið hafi ekki
aðeins verið gert ráð fyrir að kaupverð eigin hluta skyldi miðast við stöðu óráðstafaðs
eigin fjár Stólpa ehf. samkvæmt milliuppgjöri, 667.603.708 króna, heldur hafi kaup-
verðið að endingu orðið hærra en sem nam óráðstöfuðu eigin fé samkvæmt áðurnefndu
milliuppgjöri. Kaupverðið í viðskiptunum hafi því verið umfram stöðu frjálsra sjóða
Stólpa ehf., jafnvel þótt talið hefði verið heimilt að leggja milliuppgjörið til grundvallar
ákvörðun um hvað teldist til frjálsra sjóða. Þetta renni enn frekari stoðum undir að ráðgjöf
stefndu Einars Hafliða og Deloitte ehf. hafi verið óforsvaranleg.
30. Það hafi ekki úrslitaáhrif hvort full sönnun takist um hvort stefndi Einar Hafliði hafi
beinlínis lagt þá aðferð til sem beitt hafi verið. Það liggi fyrir að stefndi hafi verið kjörinn
endurskoðandi Stólpa ehf. og veitti stefnendum ráðgjöf í tengslum við viðskiptin.
Nægjanlegt sé að stefndi hafi vitað eða mátt vita að aðferðin hafi verið ófullnægjandi og
í andstöðu við lög. Stefnendur byggja á því að góður og gegn endurskoðandi hefði ekki
aðeins útlistað fyrir Stólpum ehf. og stefnendum hvað ráðstöfunin hefði í för með sér og
afleiðingar hennar heldur einnig lagt til hvaða aðferð skyldi beita í staðinn þar sem um
ólögmæta ráðstöfun hafi verið að ræða sem hafði verulegar og neikvæðar skattalegar
afleiðingar í för með sér. Athafnaleysi stefnda Einars Hafliða að hafa ekki við ráðgjöf
sína veitt stefnendum upplýsingar um fyrirsjáanlegar afleiðingar af ráðstöfuninni og lagt
samtímis til aðra leið í staðinn teljist ólögmætt og sagnæm háttsemi.
31. Tjón stefnenda vegna framangreindrar háttsemi stefnda Einars Hafliða sé fólgið í því að
tekjuskattur stefnenda hafi verið hækkaður með úrskurðum Skattsins. Stefnendur telji
engum vafa undirorpið að koma hefði mátt í veg fyrir tjón þeirra hefði ráðgjöf stefnda

verið forsvaranleg og önnur en raun beri vitni. Stefnendur telji að tjón þeirra, umfang þess og orsakasamband liggi skýrlega fyrir í málinu. Tjónið nemi þeim fjárhæðum sem stefnendum hafi verið gert að greiða í tekjuskatt samkvæmt skattbreytingarseðlum í kjölfar úrskurða Skattsins. Stefnendur vísi jafnframt til þess að þegar fyrir liggi að sérfræðingur hafi orðið uppvís að saknæmri háttsemi við framkvæmd sérfræðistarfa hafi verið slakað á kröfum um sönnun fyrir því að háttsemin hafi orsakað tjón og sönnunarbyrði jafnvel snúið við.

32. Þá hafi stefndi Einar Hafliði mátt vita hver áhrifin yrðu af ráðgjöf hans, sbr. til hliðsjónar 96. gr. laga um tekjuskatt. Einnig verði að horfa til þess að strangar kröfur séu gerðar til sérfræðinga um að þeir sjái fyrir afleiðingar af háttsemi sinni og það tjón sem hún geti valdið. Gera verði þá kröfu til löggiltra endurskoðenda að þeir þekki, geri sér grein fyrir og sjái fyrir fyrrgreindar afleiðingar enda séu þeir sérfróðir á sviði reiknings- og skattskila.
33. Stefndi Einar Hafliði hafi viðhaft hina saknæmu og ólögmætu háttsemi í starfi sínu fyrir stefnda Deloitte ehf. sem beri því skaðabótaábyrgð á tjóni stefnenda á grundvelli meginreglu skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð.
34. Bótaábyrgð stefnda VÍS trygginga hf. á tjóni stefnenda byggist á því að stefndi Deloitte ehf. hafi verið með starfsábyrgðartryggingu löggiltra endurskoðenda í gildi hjá stefnda. Um ábyrgð tryggingafélagsins vísist til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, einkum 44. gr. laganna. Um ábyrgð VÍS trygginga hf. gildi allar sömu málsástæður og raktar hafi verið hér að framan.
35. Stefndi VÍS tryggingar hf. hafi hafnað bótaskyldu með vísan til þess að skilyrði skaðabótaábyrgðar um saknæmi og ólögmæti væru ekki uppfyllt. Byggt hafi verið á því að ákvörðun um kaup Stólpa ehf. á eigin bréfum væri á ábyrgð stjórnenda og hluthafa og hafi ekki verið byggð á sérfræðiaðstoð eða ráðgjöf stefnda Einars Hafliða. Hann hafi upplýst stefnendur um að hámarksúthlutun arðs úr félaginu næmi 84.000.000 króna og endanleg útfærsla og gerð skjalanna hefði að öllu leyti verið í höndum stefnenda og þeim hafi ekki getað dulist að ráðstöfunin stæðist ekki ákvæði laga um einkahlutafélög.
36. Stefnendur telja þessa afstöðu ekki standast neina skoðun. Þeir hafi notið sérfræðiaðstoðar og ráðgjafar stefnda Einars Hafliða við val á þeirri aðferð sem viðhöfð skyldi við úthlutun fjármuna úr félaginu. Eins sé horft framhjá því að stefndi útbjó umrædd gögn og sendi stefnendum.

37. Hámarksábyrgð stefnda VÍS trygginga hf. sem vátryggjanda kunni að takmarkast af starfsábyrgðartryggingunni og skilmálum hennar og beri stefndu Deloitte ehf. og Einar Hafliði einir ábyrgð á því tjóni sem sé umfram tryggingarhámarkið.
38. Hvað umfang tjóns stefnenda snerti miðist dómkrafa hvers og eins þeirra við þá fjárhæð sem þeim hafi verið gert að greiða ríkissjóði í kjölfar endurákvörðunar Skattsins á opinberum gjöldum þeirra. Í tilviki allra stefnenda sé krafist skaðabótavaxta frá gjalddaga þeirrar skattkröfu sem stofnaðist við endurákvörðun samkvæmt úrskurðum Skattsins, sem hafi verið kveðnir upp 20. desember 2022, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001. Samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga um tekjuskatt falli skattfjárhæð í gjalddaga 10 dögum eftir dagsetningu úrskurðar séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu. Er því krafist skaðabótavaxta frá 30. desember 2022 til þess dags er dráttarvextir verða reiknaðir frá. Krafist sé dráttarvaxta frá 9. janúar 2025 þegar mánuður hafi verið liðinn frá því að stefnendur kröfðust bóta úr hendi stefndu með kröfubréfi sem barst stefnda Deloitte ehf. 9. desember 2024, sbr. 1. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Helstu málsástæður og lagarök stefndu

39. Stefndu byggja á því að mál þetta lúti sönnunarreglum skaðabótaréttar utan samninga, sbr. 27. gr. þágildandi laga um endurskoðendur nr. 79/2008. Samkvæmt þessu hvíli sönnunarbyrðin á stefnendum um að þeir hafi orðið fyrir fjártjóni vegna saknæmrar og ólögmætrar háttsemi stefndu Einars Hafliða og/eða Deloitte ehf. Stefndu hafni því að slík sönnun hafi tekist og því beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnenda. Stefndu hafna því að Deloitte ehf. og stefndi Einar Hafliði hafi viðhaft saknæma og ólögmæta háttsemi í tengslum við ráðgjöf og þjónustu sína til Stólpa ehf. Þá sé því hafnað að stefnendur hafi orðið fyrir fjártjóni.
40. Því sé mótmælt að stefndi Einar Hafliði hafi veitt Stólpum ehf. og stefnendum ráðgjöf um að úthluta fjármunum úr félaginu með kaupum þess á eigin hlutum af stefnendum á grundvelli eiginfjárstöðu félagsins samkvæmt árshlutareikningi. Því sé einnig mótmælt að stefndi Einar Hafliði hafi sýnt af sér athafnaleysi með því að benda Stólpum ehf. og stefnendum ekki á ólögmæti slíkrar ráðstöfunar. Slíkt hafi ekki verið í hans verkahring. Hlutverk stefndu Einars Hafliða og Deloitte ehf. hafi verið takmarkað við aðstoð við gerð ársreikninga og framtala, auk tilfallandi skjalavinnu samkvæmt fyrirmælum frá forsvarsmönnum Stólpa ehf. og hluthöfum.
41. Ákvörðun um að Stólpar ehf. skyldu kaupa eigin hluti af stefnendum hafi verið tekin af stjórnendum og hluthöfum. Stefndi Einar Hafliði hafi einungis útbúið drög að skjölum

og útreikningum á grundvelli þeirra upplýsinga og ákvarðana sem honum voru kynntar af viðskiptavinum. Þessi þjónusta hafi því verið tæknileg aðstoð við útfærslu á fyrirfram ákveðnum viðskiptum af hálfu stefnenda, en ekki að frumkvæði eða ráðgjöf um eðli viðskiptanna sjálfra. Endanleg ábyrgð á viðskiptunum og lagalegum afleiðingum þeirra hafi legið hjá stjórnendum og hluthöfum Stólpa ehf., sbr. lög um einkahlutafélög.

42. Engin gögn styðji þá fullyrðingu að stefndi Einar Hafliði hafi beinlínis ráðlagt stefnendum að fara þessa leið. Í stefnu sé ekki útskýrt nákvæmlega hvenær, hvernig eða í hverju hin meinta *ranga ráðgjöf* hafi falist – engar tiltekna fundargerðir, tölvupóstar eða samskipti séu lögð fram sem sönnun þess að ráðgjöf hafi farið fram. Stefndu benda á að ekkert í tölvupósti stefnda frá 29. júní 2016 bendi til mats eða álits um lögmæti ráðstöfunarinnar. Eingöngu hafi verið lýst hvernig breyta mætti forsendum í excel-skjali til að reikna út hlutdeild hvers og eins hluthafa í fjármunum félagsins eins og þeir hafi verið á hverjum tíma. Stefnendur hafi sjálfir borið fulla ábyrgð á ákvörðun um endanlegt kaupverð og útreikninga þess. Hlutverk stefnda Einars Hafliða hafi verið að útfæra þær tölur sem stefnendur gáfu honum, en ekki að taka ákvörðun um lögmæti þeirra eða að gæta þess að þær væru innan lögmætra marka. Honum hafi verið ókunnugt um að stefnendur hefðu haldið hluthafafund í Stólpum ehf. þennan sama dag og tekið ákvörðun um viðskiptin.
43. Engin sönnun liggja fyrir um að stefndi Einar Hafliði hafi ráðlagt stefnendum eða forsvarsmönnum Stólpa ehf. að félagið ætti að kaupa hluti í sjálfu sér af þeim. Hann hafi ekki heldur ráðlagt hvert verðið ætti að vera í þessum viðskiptum. Hann hafi ekki ráðlagt að gera milliuppgjör til að geta tekið út pening úr Stólpum ehf. Það vildu forsvarsmenn Stólpa ehf. láta gera til að sjá hver staðan væri á félaginu eftir að greiðsla hafði borist vegna sölu mannvirkis. Sú aðferð sem notuð hafi verið til að taka fjármuni út úr félaginu hafi verið ákveðin af hálfu forsvarsmanna og hluthafa félagsins, sem og verðið á hlutunum.
44. Samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar þarf sá sem heldur því fram að endurskoðandi eða annars konar sérfræðingur hafi beinlínis ráðlagt honum að fara ákveðna leið að sanna með óyggjandi hætti að sú sé raunin. Til sönnunar á því að stefndi Einar Hafliði hafi ráðlagt forsvarsmönnum Stólpa ehf. að fara ákveðna leið við úttekt fjármuna úr félaginu hafa stefnendur lagt fram tölvupóst frá stefnda til Guðna Rafns Eiríkssonar frá 29. júní 2016. Texti í þeim tölvupósti sé eftirfarandi: „Meðf. til skoðunar skv. símtali. Ef þið viljið hafa aðra útborgunarfjárhæð, þá getur þú slegið inn annað gengi í gula reitinn í

excel skjalinu - og breytt fjárhæðum til samræmis í framsalinu.“ Í þessum skilaboðum felist ekki skattaleg ráðgjöf eða annars konar ráðgjöf. Í þessum tölvupósti og texta hans felist ekki ráðgjöf um eitt eða neitt. Aðilaskýrslu um hið gagnstæða af hálfu forsvarsmanns stefnandans GE Capital ehf. sé mótmælt enda hafi hún ekkert sönnunargildi gegn afdráttarlausri neitun stefndu Einars Hafliða og Deloitte ehf.

45. Samkvæmt lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur, sem hafi verið í gildi á þeim tíma sem atvik þessa máls áttu sér stað, hafi löggiltum endurskoðendum borið að rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi og fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gildi um störf þeirra, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna. Þessi skylda hafi fyrst og fremst tekið til lögbundinnar endurskoðunar ársreikninga og annarrar sambærilegrar þjónustu þar sem hlutverk endurskoðandans og ábyrgðarsvið séu skýrt afmörkuð í lögum og reglugerðum, sbr. meðal annars 1. og 2. tölulið 1. gr., 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 5. gr., 3. mgr. 8. gr., 11. gr. og 21. gr. laganna.
46. Í þeim tilvikum þar sem löggiltur endurskoðandi sinni öðrum verkefnum en lögbundinni endurskoðun, svo sem almennri ráðgjöf, aðstoð við gerð framtala eða skýrslugerð, taki ábyrgð hans ekki til sömu atriða og í lögboðinni endurskoðun. Í slíkum verkefnum gildi almennar reglur samninga- og skaðabótaréttar um ábyrgð og sé það háð sönnun um að háttsemi hans hafi verið saknæm, valdið tjóni og að orsakatengsl séu milli háttseminnar og tjónsins. Þá beri einnig að líta til þess að í ráðgjafarverkefnum byggji vinna endurskoðanda á ríkum mæli á upplýsingum og forsendum frá viðskiptavini. Hann geti almennt ekki borið ábyrgð á efni eða niðurstöðum sem ráðist af þeim gögnum sem honum séu afhent. Ljóst sé að ábyrgð endurskoðanda verði ekki talin víðtækari en eðli og tilgangur viðkomandi verkefnis gefi tilefni til. Þrátt fyrir að skattaðili feli kunnáttumanni að útbúa drög að skjölum fyrir hann leysi það hann ekki undan ábyrgð sem á honum hvíli samkvæmt lögum. Engar skráðar háttsemisreglur hafi verið brotnar af hálfu stefndu Einars Hafliða og Deloitte ehf. Ákvæði 1. mgr. 8. gr. og 27. gr. þágildandi laga um endurskoðendur veiti engar leiðbeiningar í þessum efnum, heldur séu þau almenn ákvæði.
47. Eini skriflegi samningurinn um þjónustu stefnda Deloitte ehf. og starfsmanna þess félags hafi verið við Stólpa ehf. Það sé ráðningarbréf um aðstoð við gerð ársreikninga. Þar komi fram að samningsaðilar séu sammála um að Stólpar ehf. óski eftir aðstoð við gerð ársreiknings á grundvelli þeirra upplýsinga sem stjórnendur veiti. Stefndi sjái um skil á samandregnum ársreikningi til ársreikningaskrár og skil á framtali vegna rekstrarársins. Síðar í ráðningarbréfinu komi fram að vinna stefnda feli ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir

eins og endurskoðun eða könnun og því sé ekki víst að stefndi fái vitneskju um öll mikilvæg atriði sem myndu koma í ljós við endurskoðun eða könnun. Stefndu vísa ennfremur til ákvæða almennra skilmála stefnda Deloitte ehf. sem vísað sé til í ráðningarbréfinu, svo sem um samninginn og aðila, umfang og framkvæmd ráðningarinnar, auk ákvæða um takmörkun ábyrgðar. Það sé því ljóst að lögfræðileg eða skattaleg ráðgjöf um lögmæti viðskiptanna hafi fallið utan skilgreinds verksviðs stefnda Einars Hafliða. Áréttað sé að skyldur stefndu Einars Hafliða og Deloitte ehf. hafi verið fyrst og fremst við Stólpa ehf. en ekki hluthafana.

48. Fyrir utan framangreind verkefni hafi stefndu einnig tekið að sér tilfallandi útreikninga fyrir Stólpa ehf. þegar stjórnendur þess félags voru með hugleiðingar um fjárhagsmál félagsins, sem og tilfallandi skjálavinnu vegna ákvarðana stjórnenda félagsins eða hluthafa þess. Stefnda Einari Hafliða hafi verið falið af forsvarsmönnum félagsins að útbúa skjöl vegna sölu á hlutum hluthafanna í félaginu til félagsins og gera uppköst, meðal annars af fundargerð hluthafafundar, sem send voru til forsvarsmanna í ritvinnsluskjölum með tölvupósti. Endanleg útfærsla, ákvarðanir, tímasetningar og gerð skjalanna hafi verið í höndum forsvarsmanna Stólpa ehf. og hluthafa félagsins eins og fram hafi komið í aðilaskýrslu forsvarsmanns GE Capital ehf. Það hafi þannig ekki verið á valdsviði stefndu að *stöðva* eða skipta sér af ákvörðunartöku stefnenda um þessi viðskipti – enda hafi bæði skort lagastoð og umboð til þess. Ljóst sé þannig að það féll ekki undir verksvið stefndu að gefa samþykki eða veita leyfi fyrir því að Stólpar ehf. og hluthafar þess félags færu þessa leið. Stefndi Einar Hafliði hafi hvorki verið framkvæmdastjóri né stjórnarmaður í félaginu og hafi engar heimildir haft til að samþykkja eða synja tillögum um kaup á eigin hlutum – það vald hafi alfarið verið í höndum stefnenda sjálfra sem hluthafa og stjórnenda.
49. Meginreglan í íslenskum félagarétti sé sú að stjórn og framkvæmdastjóri beri ábyrgð á því að starfsemi félags sé í samræmi við lög þess og samþykktir. Ljóst sé að endanlegar ákvarðanir um ráðstöfun fjármuna félags, eins og arðgreiðslur eða kaup eigin hluta, séu í höndum hluthafa og stjórnenda viðkomandi félags, en ekki endurskoðanda eða utanaðkomandi ráðgjafa. Stefndu bendi á að stjórnendur Stólpa ehf. hafi ekki farið eftir 2. mgr. 70. gr a. laga um einkahlutafélög þar sem fram komi að stjórn félags skuli afla skýrslu samkvæmt 5. gr., 6. gr., 6. gr. a og 6. gr. b, meðal annars um að afla yfirlýsingar þess efnis að samræmi væri milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið hefði fengið. Slík yfirlýsing hefði aldrei verið gerð af hálfu stefndu enda ljóst að endurgjald

Stólpa ehf. væri ekki í samræmi við greiðslu félagsins miðað við hvernig kaupin hafi verið gerð.

50. Meginorsök tjóns stefnenda hafi verið sú sjálfstæða og ólögmeta ákvörðun þeirra sjálfra að láta Stólpa ehf. kaupa eigin hluti á grundvelli óendurskoðaðs árshlutareiknings, en ekki á grundvelli síðasta samþykktársreiknings fyrir árið 2015, líkt og áskilið sé í 38. gr., sbr. 74. gr., laga um einkahlutafélög. Áréttað sé af hálfu stefndu að því sé mótmælt að dómur Hæstaréttar í málum nr. 210/2015 og nr. 211/2015 feli í sér fordæmi sem leiða eigi til bótaábyrgðar þeirra enda um ósambærilegar aðstæður að ræða í þeim tilvikum. Þeir dómur feli í sér úrlausn sem líta beri til við mat á lögmæti þeirra ráðstafana sem stefnendur hafi gripið til sem leiði þá í ljósi stöðu þeirra og reynslu í viðskiptum til þess að þeim hefði staðið næst að kynna sér gildandi rétt, eftir atvikum með því að afla sér lögfræðilegrar ráðgjafar um svo veigamikla ráðstöfun eins og hér um ræði. Eigin sök stefnenda sé svo afgerandi að hún rjúfi orsakasambandið milli meintrar ráðgjafar stefnda Einars Hafliða og þess tjóns sem af hlaust. Engin bein eða sennileg orsakatengsl séu á milli athafna eða athafnaleysis stefndu og hins meinta tjóns. Orsakasambandið sé ekki til staðar vegna þess að stefnendur stóðu sjálfir að hinum ólögmetu ráðstöfunum.
51. Komist dómurinn að því, þrátt fyrir framangreint, að stefndi, Einar Hafliði, hafi sýnt af sér háttsemi sem leiða eigi til skaðabótaábyrgðar hans og/eða Deloitte ehf. krefjist stefndu þess til vara að kröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar. Um röksemdir fyrir því vísast einkum til þess sem fram komi í málsástæðum stefndu fyrir sýknu. Auk þess sé áréttað að stefnendur áttu sjálfir meginþátt í öllum þeim ákvörðunum og athöfnum sem leiddu til endurákvörðunar skatta. Forsvarsmenn stefnenda höfðu allir mikla reynslu af atvinnurekstri. Samkvæmt hlutafélagaskrá sitji þeir í mörgum stjórnnum einkahlutafélaga, séu prókúruhafar í fjölmörgum þeirra og framkvæmdastjórar í nokkrum. Þeir geti ekki firrt sig ábyrgð á hlutverkum sem þeim séu vel kunnug og þeir hafa margoft sinnt. Verði að taka þeirra eigin reynslu, þekkingu og kunnáttu inn í endanlega niðurstöðu, færi svo að komist yrði að þeirri niðurstöðu að bótaábyrgð stefndu væri til staðar. Það sé ljóst að forsvarsmenn stefnenda þekktu vel til grundvallarreglna félagaréttar um meðferð fjármuna og úthlutunarheimildir. Sérhver háttsemi stefndu hverfi í skuggann af þeirri staðreynd að stefnendur brutu sjálfir gegn ákvæðum laga um einkahlutafélög með ólögmetum úttektum sem eigi í það minnsta að valda lækkun dæmdra bóta ef ekki sýknu.
52. Þá verði að horfa til þess ef sannað þætti að stefndi Einar Hafliði hefði ráðlagt stefnendum að fara þessa leið að ljóst sé að hann veitti enga ráðleggingu um hvaða verð ætti

að miða við. Það komi sérstaklega fram í tölvupósti frá 29. júní 2016 að hægt sé að slá inn annað gengi í gula reitinn í excel-skjalinu. Því sé ljóst að stefndi var ekkert sérstaklega að ráðleggja 5.200 krónur sem gengi á hlut. Stefnendur enduðu á því að miða við 6.000 krónur á hlut sem hafi ekki verið borið undir stefnda Einar Hafliða. Af hverju stefndu Einar Hafliði og Deloitte ehf. eigi að bera ábyrgð á þessari ákvörðun stefnenda sé ekki sérstaklega útskýrt í stefnu. En af þessu leiði einnig að ekki séu tengsl milli meintrar ráðleggingar og ákvörðunar stefnenda um að í viðskiptunum yrði miðað við 6.000 krónur á hlut.

53. Loks skal nefnt að ekki sé unnt að fallast á kröfu stefnenda á hendur stefnda VÍS tryggingum hf. nema því aðeins að bótaábyrgð stefndu, Deloitte ehf. og/eða Einars Hafliða, verði talin vera fyrir hendi. Stefndi VÍS tryggingar hf. sé aðeins til kallaður sem váttryggjandi og beri samkvæmt skilmálum starfsábyrgðartryggingarinnar að greiða bótafjárhæð að því marki sem ábyrgð falli á hina váttryggðu. Verði aðrir sýknaðir beri að sýkna stefnda VÍS tryggingar hf. sömuleiðis. Jafnvel þótt einhver bótaskylda yrði talin vera fyrir hendi myndi ábyrgð VÍS trygginga hf. ekki nema hærri fjárhæð en nemi ábyrgð hinna stefndu. Öll framangreind vörn og rökstuðningur fyrir hönd stefndu Deloitte ehf. og Einars Hafliða komi því stefnda VÍS tryggingum hf. til góða með sama hætti. Þá beri að horfa til þess að samkvæmt váttryggingarskírteini sé váttryggingarfjárhæð í hverju tjóni 21.623.000 krónur. Samkvæmt váttryggingarskírteini sem gildir gagnvart stefnda Deloitte ehf. hækki bótafjárhæð um 10% fyrir hvern endurskoðanda umfram einn. Skráðir endurskoðendur hjá stefnda Deloitte ehf. séu 42 og því nemi viðbótarfjárhæðin sem leggist við grunnfjárhæðina 88.654.300 krónur. Váttryggingarfjárhæðin nemi því 110.277.300 krónum. Bótaábyrgð stefnda VÍS trygginga hf. takmarkast við þá fjárhæð.

Niðurstaða

54. Í máli þessu krefjast stefnendur hver um sig skaðabóta úr hendi stefndu sameiginlega, einkum á grundvelli reglna skaðabótaréttar um skaðabætur utan samninga. Stefnendur eiga það sameiginlegt að hafa verið hluthafar í einkahlutafélaginu Stólpum sem hafði auðgast vel á árinu 2016. Það fé og raunar að mestu annað það fé sem félagið átti var greitt til stefnenda 1. júlí sama ár. Þessi ráðstöfun fjárins byggðist á ákvörðun af hálfu hluthafanna um að félagið keypti 10% hlutafjár í sjálfu sér og greiddi fyrir það hlutafé með nánast öllum eignum sínum en fyrir liggur að í ársuppgjöri fyrir árið 2016 sem fram fór á árinu 2017 kemur fram að óráðstafað eigið fé félagsins sé ekkert, 0 krónur.

55. Upplýst er í málinu og óumdeilt að stefndi Einar Hafliði útbjó þau skjöl sem forsvarsmenn stefnenda sem stjórnarmenn í Stólpum ehf. hagnýttu til þess að taka ákvörðun fyrir hönd félagsins um hlutabréfakaupin. Meðal þessara skjala var árshlutareikningur Stólpa ehf. vegna fimm fyrstu mánaða ársins 2016 sem gefin var út af stjórn og stjórnarmennirnir höfðu til hliðsjónar þegar framangreind kaup á hlutafé voru afráðin á hluthafafundi 29. júní 2016. Samanlagt kaupverð hlutafjárins varð raunar hærra en nam óráðstöfuðu eigin fé að fjárhæð 667.603.708 krónur samkvæmt þeim reikningi. Kaupverðið nam 696.927.600 krónum. Þá var meðal þeirra skjala sem stefndi Einar Hafliði útbjó útreikningsskjal úr töflureikni sem stjórnarmennirnir höfðu einnig til hliðsjónar. Í því skjali hafði stefndi Einar Hafliði stillt upp útreikningsforsendum, meðal annars í þeim tilgangi að ráðgert söluverð hlutafjárins myndi skiptast á milli hluthafanna í réttu hlutfalli með tilliti til réttinda þeirra innbyrðis. Í þeim útreikningsforsendum var sérstaklega gert ráð fyrir því að hægt væri að breyta kaupverðinu að vild stjórnarmanna með því að breyta því verði sem greitt væri fyrir hvern hlut hlutafjárins.
56. Í málinu er ekki byggt á því af hálfu stefnenda að stefndu Einar Hafliði og Deloitte ehf. hafi verið í ráðningarsambandi við þá heldur byggt á því að bótaskyld mistök hafi átt sér stað í vinnu þessara stefndu í þágu Stólpa ehf. sem stefnendur hafi átt hlut í. Álykta má af málalíbúnaði stefnenda og framburðum forsvarsmanna þeirra fyrir dómi að þeir hafi talið sig hafa átt að njóta góðs af þeirri vinnu.
57. Gögn er lúta að samningssambandi stefnda Deloitte ehf. við Stólpa ehf. liggja fyrir í málinu sem gefa vísbendingu um inntak þess. Er þar annars vegar um svonefnt ráðningarbréf að ræða og hins vegar tímaskýrslu sem spannar árið 2016.
58. Í ráðningarbréfinu sem dagsett er 30. mars 2012 kemur fram að stefndi Deloitte ehf. muni aðstoða við gerð ársreiknings á grundvelli þeirra upplýsinga sem stjórnendur veita. Jafnframt muni stefndi sjá um skil á samandregnum ársreikningi til ársreikningaskrár og gerð og skil á skattframtali vegna reksturs ársins. Í ráðningarbréfinu kom fram um ábyrgð stefnda Deloitte ehf. að félagið myndi aðstoða við gerð ársreiknings í samræmi við lög og alþjóðlega staðla sem vísað var til. Tekið var fram að vinna fæli ekki í sér víðtækar aðgerðir og endurskoðun eða könnun. Þá var jafnframt tekið fram um ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra Stólpa ehf. að gerð ársreiknings félagsins væri á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Í því fælist meðal annars að til staðar væri fullnægjandi bókhaldsskráning og innra eftirlit. Stjórnendur og framkvæmdastjóri væru ábyrgir fyrir því að heild og nákvæmni þeirra upplýsinga sem veittar væru og ársreikningur muni byggja á

væru fullnægjandi. Um gildistíma var tekið fram að það gildi frá og með undirritun og héldi gildi sínu þar til þjónustan hefði verið veitt, ráðningarbréfinu breytt eða annað kæmi í stað þess en að öðru leyti færi um gildistíma og uppsögn ráðningar samkvæmt almennum viðskiptaskilmálum stefnda Deloitte ehf. Deilt er um hvort ráðningarbréf þetta hafi legið til grundvallar vinnu stefndu í þágu Stólpa ehf. allt frá 2012 en ljóst er á hinn bóginn að samningssamband þessara aðila, stefndu og Stólpa ehf., hélt áfram og mun stefndi Einar Hafliði raunar enn starfa í þágu fyrirtækisins. Sýnist í því ljósi óhætt að horfa til nefnds ráðningarbréfs hvað varðar inntak réttarsambands þessara aðila. Rétt er í þessu sambandi að halda til haga að ekkert annað liggur fyrir en að stefndu hafi fengið greitt frá félaginu fyrir þjónustu sína en ekki frá stefnendum.

59. Í nefndri tímaskýrslu frá 2016 er greint frá verknúmeri og fyrirsögninni *endurskoðun og reikningskil* og nafn Stólpa ehf. tilgreint. Ýmsir verkliðir eru taldir upp í tímaskýrslunni, þar á meðal gerð ársreiknings og árshlutareiknings og jafnframt tilgreind framtalsgerð félaga og jafnframt ýmis aðstoð tengd skattamálum, stofnun félaga og breytinga og ýmis önnur sérverkefni, auk tilfallandi fyrirspurn og funda og fleiri atriða. Af þessari tímaskýrslu má ráða að unnið hafi verið að fjölbreyttum verkefnum í þágu Stólpa ehf. sem meðal annars lutu að málefnum tengdum ýmsum fyrirtækjum, þar með töldum verkefnum sem lúta að gerð þeirra skjala sem lágu þeim gerningum til grundvallar sem lutu að kaupum Stólpa ehf. á hlutafé af stefnendum. Af tímaskýrslunni má ráða að stefndi Einar Hafliði hafi unnið að gerð þessara gerninga og átt fundi með forsvarsmanni stefnanda GE Capital ehf. Í þeim tilvikum er ekki skráð að unnið sé að skattamálum eða ráðgjöf þar að lútandi. Í tölvupóstsamskiptum sem stefndi Einar Hafliði átti í við forsvarsmann GE Capital ehf. á þessum tíma er ekki heldur vikið að álitafnum um skattlagningu á neinn hátt.
60. Öðrum gögnum en framangreindum er ekki til að dreifa er varpa ljósi á samskipti stefnda Einars Hafliða við forsvarsmenn stefnenda. Fyrir liggur að í málinu er höfð uppi krafa um skaðabætur utan samninga enda liggur fyrir að beinu réttarsambandi var ekki til að dreifa milli stefnenda og stefndu, Deloitte ehf. og Einars Hafliða. Þegar svo háttar til hvílir sönnunarbyrði um það að skaðabótaskyld háttsemi hafi átt sér stað á stefnendum.
61. Af hálfu stefnenda er á því byggt að stefndu hafi bakað sér bótaskyldu annað hvort á þeim grundvelli að stefndi Einar Hafliði hafi beinlínis ráðlagt stefnendum að hafa þann hátt á, til að ná fjármunum til sín sem nam óráðstöfuðu eigin fé Stólpa ehf., að taka ákvörðun um að félagið myndi kaupa 10% af hlutafé félagsins fyrir verð sem nam allri

raunverulegri eign þess eða að hann hafi látið hjá líða að vekja athygli þeirra á því að þessi aðferð við að ná fjármunum út úr félaginu kynni að leysa tekjuskattsskyldu úr læðingi og valdið þeim þannig tjóni með slíku athafnaleysi. Í þessu sambandi skal því haldið til haga að upplýst var við aðalmeðferð málsins með framburði forsvarsmanns GE Capital ehf. að hann átti þá hugmynd að Stólpur ehf. keyptu eigið hlutafé eins og raunin varð, sbr. 45. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hlutverk stefnda Einars Hafliða fólst þannig í því að útfæra þá hugmynd forsvarsmannsins með því að gera drög að árshlutareikningi og láta stjórnarmönnum í té áðurgreind drög að þeim skjölum sem útbúa þurfti í þessum tengslum.

62. Í máli þessu liggur þannig fyrir að stefndi Einar Hafliði bjó til drög að þeim skjölum sem forsvarsmenn stefnenda sem stjórnarmenn í Stólpum ehf. hagnýttu er þeir héldu hluthafafund 29. júní 2016. Á þeim fundi stóðu þeir saman að ákvörðun um kaup einkahlutafélagsins á títtnefndum 10% hlutafjár, sbr. 55. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Ákvörðun hluthafafundarins byggði á samkomulagi hluthafa og forsvarsmanna hluthafanna sem dagsett er sama dag. Í samræmi við þessa ákvörðun og samkomulag rituðu þessir aðilar undir skjal sem bar heitið *framsal eignarhluta* sem fól í sér kaupsamning um hlutaféð. Þessu öllu til grundvallar lá árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 31. maí 2016. Skjalið hefur að geyma yfirlýsingu stefnda Einars Hafliða um faglega aðstoð sem beint er til stjórnar og hluthafa í Stólpum ehf. Þar er sérstaklega áréttað að árshlutareikningurinn og þær upplýsingar sem koma fram í honum séu á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra. Þar er sérstaklega áréttað að fagleg aðstoð við gerð árshlutareiknings sé ekki staðfestingarverkefni og þess því ekki krafist af stefndu að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veiti stefndu hvorki álit á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Árshlutareikningurinn fól jafnframt í sér skýrslu stjórnar þar sem fram kom það álit stjórnarinnar að í ársreikningi þessum komi fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu eins og komist er að orði í skýrslunni. Að því sögðu staðfesti stjórn félagsins árshlutareikninginn með undirritun sinni, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, sem horfa verður til í þessum efnum. Áréttá verður einnig í þessu sambandi að það er á ábyrgð stjórnar félags að fullnægt sé ákvæðum laga um einkahlutafélög, sbr. til hliðsjónar til dæmis dóm

Hæstaréttar Íslands í máli nr. 248/2016 frá 2. febrúar 2017. Gildir það meðal annars um skilyrði 38. gr. laganna um kaup félags á eigin hlutum.

63. Í fyrirleggjandi gögnum liggur ekkert fyrir um að í því verkefni sem stefnda Einari Hafliða var falið í tengslum við framangreind viðskipti hluthafanna við Stólpa ehf. hafi falist ráðgjöf um skattaleg áhrif af gerningunum gagnvart hluthöfunum. Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að félagið og forsvarsmenn þess fyrir hönd félagsins höfðu staðið að margskonar viðskiptum þar sem komu upp álitæfni sem leitað var með til stefnda Einars Hafliða. Jafnframt er ótvírætt af upplýsingum um þátttöku forsvarsmanna stefnenda í rekstri fyrirtækja að þeir bjuggu yfir umtalsverðri reynslu á því sviði og stóðu hver um sig að margskonar rekstri. Í þessu ljósi verður ekki heldur séð að stefnda Einari Hafliða hafi verið skylt að eigin frumkvæði að veita stefnendum ráðgjöf er lyti að skattamálefnum þeirra sjálfra enda var engu beinu viðskiptasambandi þeirra á milli til að dreifa svo upplýst sé í málinu heldur var viðskiptasamband stefnda Deloitte ehf. við Stólpa ehf.
64. Að þessu virtu verður ekki annað séð en að stefnendur hafi látið undir höfuð leggjast að gera eðlilegar og nauðsynlegar ráðstafanir til að gæta hagsmuna sinna, jafnvel þótt þeir hafi að eigin sögn talið sér fært að leggja traust á stefnda Einar Hafliða í þessum efnum.
65. Í þessu sambandi verður einnig að áréttu að bótaskylda stefnda Einars Hafliða verður ekki reist á 108. gr. laga um einkahlutafélög gagnvart stefnendum enda lýtur bótaábyrgð forsvarsmanna einkahlutafélags og endurskoðenda þess samkvæmt því lagaákvæði að tjóni sem félagið verður fyrir og valdið getur hluthöfum tjóni sem ekki er um að ræða í þessu máli. Ábyrgð stefndu Einars Hafliða og Deloitte ehf. á grundvelli 1. mgr. 27. gr. þágildandi laga nr. 79/2008 um endurskoðendur kemur ekki til skoðunar nema fyrir liggja sönnun um að þessir stefndu hafi sýnt af sér bótaskylda háttsemi enda gilda reglur skaðabótaréttar um ábyrgð þeirra eins og greinir í lagaákvæðinu. Fyrir liggur að strangur mælikvarði er lagður á ábyrgð sérfræðinga eins og endurskoðenda að því tilskildu að þeir hafi tekið verkið að sér.
66. Stefndi Einar Hafliði neitar því að hafa veitt ráðgjöf er laut að skattamálefnum hluthafanna. Eins og af framangreindu má ráða hafa stefnendur ekki með framlögðum gögnum eða skýrslum fyrir dómi sannað að stefndi Einar Hafliði hafi veitt eða borið að veita þá ráðgjöf sem að stefnendur byggja skaðabótaskyldu stefndu á. Staðhæfingar um ráðgjöf stefnda Einars Hafliða í þessa veru sem fram komu í aðilaskýrslu af hálfu forsvarsmanns stefnandans GE Capital ehf. fyrir dómi verða ekki lagðar til grundvallar

þar sem þær eiga sér ekki stoð í öðrum framburðum eða gögnum málsins, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 183/2015 frá 26. nóvember 2015.

67. Áréttta verður að þeir gerningar sem leiddu til álagningar tekjuskatts þess sem stefnendur krefjast bóta fyrir eru reistir á árshlutareikningi sem gerður var á ábyrgð stjórnar félagsins eins og að framan greinir. Hvorki af svonefndu ráðningarbréfi, dagsettu 30. mars 2012, né öðrum skriflegum samskiptum milli aðila verða dregnar ályktanir um að stefndi Einar Hafliði hafi tekið að sér slíka ráðgjöf að raski framangreindri ábyrgð stjórnenda Stólpa ehf. sem jafnframt eru stjórnarmenn stefnenda. Ekki verður heldur á það fallist að sönnun um að stefndi hafi veitt skattaráðgjöf verði talin felast í að Deloitte legal ehf. gætti hagsmuna stefnenda hvers um sig gagnvart Skattinum þegar fram komu athugasemdir er luttu að skattskilum þeirra síðsumars 2022.
68. Samkvæmt framansögðu bera stefndu ekki skaðabótaábyrgð á því tjóni sem stefnendur telja sig hafa orðið fyrir vegna eigin skattskila árið 2016. Verða stefndu því sýknaðir af öllum kröfum stefnenda, enda ósannað að stefndi Einar Hafliði hafi gert sig sekan um saknæma háttsemi. Ábyrgð stefnda Deloitte ehf. felur í sér húsbónndaábyrgð á verkum stefnda Einars Hafliða og þar sem slíkri sök er ekki að dreifa er stefndi Deloitte ehf. einnig sýknaður sem og stefndi VÍS tryggingar hf. sem ábyrgðartryggjandi meðstefndu.
69. Eftir þessum málsúrslitum verða stefnendur dæmdir in solidum til að greiða málskostnað stefndu, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eins og nánar greinir í dómsorði og þá horft til þess að tekið var sameiginlega til varna af hálfu stefndu.
70. Garðar Víðir Gunnarsson lögmaður flutti málið fyrir stefnendur og Ólafur Lúther Einarsson lögmaður fyrir stefndu.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Einar Hafliði Einarsson, Deloitte ehf. og VÍS tryggingar hf., eru sýknir af kröfum stefnenda, Ásvalla ehf., Fals fasteigna ehf. og GE Capital ehf. Stefndur greiði stefndu sameiginlega 2.500.000 krónur í málskostnað.

Björn L. Bergsson